

# Stjórnarfundur Bergrisans 27. maí 2019

Fundur hófst klukkan 13:00 í ráðhúsi Árborgar.

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður, stjórnarmennirnir Aldís Hafsteinsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð. Einnig starfsmennirnir Ingibjörg Garðarsdóttir, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Arna Ýr Gunnarsdóttir og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur.

## Dagskrá

### Sólheimasamningurinn

Steinunn fer yfir breytingartillögur frá forsvarsmönnum Sólheima á samningsdrögum. Lögfræðingur falið að vinna málið áfram í samvinnu við formann stjórnar Bergrisans.

### Erindi frá stjórn Skaftholts

Stjórn Bergrisans tekur jákvætt í að fundin verði tímabundin lausn á vakandi næturvörslu í Skaftholti. Formanni falið að óska eftir kostnaðaráætlun og ljúka málinu í samvinnu við Skaftholt. Stjórn Bergrisans lítur þannig á að lagður hafi verið grunnur að samningum við sjálfstæða þjónustuaðila með samningi við Sólheima. Formanni falið að óska eftir að fulltrúi ráðuneytisins mæti á fund með forsvarsmönnum Skaftholts til að ræða málið áfram.

### Brynja hússjóður

Guðlaug Jóna formaður þjónusturáðs gerir grein fyrir framlögum Bergrisa vegna íbúða á Birkihólum. Stjórn Bergrisans felur formanni þjónusturáðs að koma með tillögu að breyttu fyrirkomulagi.

### Breiðabólsstaður – endurskoðun samnings

Stjórn Bergrisans lítur þannig á að lagður hafi verið grunnur að samningum við sjálfstæða þjónustuaðila með samningi við Sólheima. Formanni falið að óska eftir fundi með fulltrúa ráðuneytisins til að ræða málið áfram.

### Samráðshópur m.f.f., staðan

Þroskahjálpi á Suðurlandi tilnefni Mörtu E. Hjaltadóttur á Kópsvatni í Hreppum sem fulltrúa í samráðshópinn og Guðmund Ármann Pétursson í Smiðshúsum á Eyrarbakka til vara. Ekki hefur enn borist tilnefning frá Sjálfsbjörg. Formanni þjónusturáðs falið að óska einnig eftir tilnefningu fulltrúa frá Öryrkjabandalaginu.

### Kerlingardalur, kæra og staða máls

Helga Lind Pálsdóttir félagsmálastjóri Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu upplýsir stjórn um stöðu málsins.

### Fundargerð 112. fundar þjónusturáðs

Formaður þjónusturáðs fer yfir 112. fundargerð þjónusturáðs frá 10.05.2019.

Farið yfir niðurstöður vinnuhóps um frístundaþjónustu fyrir fötluð ungmenni og aðstöðu henni tengdri. Formanni þjónusturáðs falið að kalla eftir kostnaðaráætlun vegna tillögunnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir stjórn Bergrisans.

Stjórn staðfestir fundargerðina.

## Staðan í NPA málum

Tveir NPA samningar hafa verið samþykktir í þjónusturáði frá síðasta fundi. Stjórn Bergrisans staðfestir samningana með fyrirvara um greiðsluþátttöku ríkisins.

Fundi slitið 15:40